

## Skólastarf grunnskóla Hafnarfjarðar í samkomubanni á Íslandi í mars 2020

**Útgáfa 3 uppfærð – 29. apríl 2020. Viðbót eru viðaukar 4 (bls. 12), 5 (bls. 13) og 6 (bls. 14-18)**

Grunnskólar skuli starfa í samkomubanni og sinna verkefnum sínum eins og kostur er:

- Nemendahópar í (kennslu)stofu skulu ekki vera fleiri en 20 í einu – en auk þeirra eiga viðeigandi starfsmenn skóla vera í sömu stofu.
- Nemendur mega ekki hittast í matsal og ef nemendahópar þurfa að nota sömu stofur í skóla á ólíkum tíma skal viðkomandi svæði með ákveðnum þrifum í millitíðinni.
- Ætlast er til að skólastarf verði ákveðin festa eða rúttíma í lífi barna á samkomubannstímanum frá 16. mars til 12. apríl. (Páskafrii nemenda hefst eftir kennslu föstudaginn 3. apríl.)

*Markmiðið með að halda úti skólastarfi í samkomubanni, með þeim takmörkunum sem nauðsynlegar eru, er að færa nemendum daglega rúttímu sem hjálpi til aukinnar virkni í að byggja upp jákvæðar lífsaðstæður í kringum nemendur meðan á óvissutíma stendur.*

Út frá þessum grunnreglum verði skólastarf grunnskóla Hafnarfjarðar með eftirfarandi hætti:

### **1 Húsnæði skóla og hólfastjórar: Skólanum skal skipt í hólf eftir kennslustigum, sérdeildum og stjórnun**

- Húsnæði skóla skal skipt í kennsluhólf eftir kennslustigum, þ.e. yngsta stigs, miðstig og elsta stigs (unglingastigs) þar sem hver starfsmaður skóla fær skilgreint svæði til að vinna á. Deildarstjórar stigs, og deildarstjóri stoðþjónustu í einhverjum tilvikum til afleysingar, skulu vera í sínu hólfi og starfa þar meðan kennsla fer fram og eiga starfsstöð þar sem hann getur hitt kennara/starfsmenn sem tilheyra viðkomandi hólfi.
- Nemendur í sérdeild mæta á sinn hefðbundna stað sem verður skilgreint sem sérstakt starfshólf og starfsfólk þess sömuleiðis. (Sjá sér skilaboð um sérdeildir hér aftar.)
- Sérstakt stjórnendahólf skal skilgreint þar sem stjórnendur, ritarar, náms- og starfsráðgjafi, skólafélagsráðgjafi, starfsfólk eldhúss skal vera hluti af.
- Starfsmenn skóla skulu ekki fara milli hólfum með á þessu fyrirkomulagi stendur – nema starfsmenn í sérdeildahólfi mega fara inn á stjórnendahólf. (Sjá sér skilaboð um sérdeildir hér aftar.)
- Starfsmenn mæta í hólf sín og dvelja þar meðan á kennslu stendur en hafa aðeins viðveruskyldu í skóla meðan á starfsemi þess hólfis er að ræða. Starfsmenn í stjórnendahólfi hafi viðveru eftir vinnutíma sínum en skólastjóra er heimilt að senda starfsmenn heim
- Huga verði að nægum salernum og snyrtiaðstöðu í hverju hólfi þar sem salerni í stjórnendahólfi sem ætlað er starfsfólki er núna eingöngu fyrir þá sem eru í stjórnendahólfi.
- Hólfastjórar (deildarstjórar í kennsluhólfum) opna og loka hólfum. Hann er jafnframt ábyrgur fyrir að hleypa nemendum inn og út úr hólfum. Hólfastjóri (deildarstjóri) haldi sér utan bekkja en hann sé tengiliður við umsjónarkennara þurfi nemendur að fara út úr kennslu af einhverjum ástæðum, t.d. vanlíðanar, hegðanar, slysi eða öðru. Foreldrar sæki ef það leysist ekki á staðnum og nemandi fari aftur inn í bekk.
- Í vinnuhólfum skal gæta sem mest að fjarlægð milli starfsmanna eins og mögulegt er.
- Skólasafn og tölvustofur verði lokað fyrir nemendur.
- Kaffistofa starfsmanna tilheyrir núna stjórnendahólfi og er aðeins fyrir þá sem hafa aðgang að stjórnendahólfi.

## 2 Kennslustundir: Hver nemandi skal fá eina klukkustund á dag að lágmarki í skólastarfinu.

- Nemendur fara beint í kennslustofur út frá hólfi sínu og óskað er eftir að þeir hafi ekki samskipti milli bekkja. Kennslustofu skulu vera opnar og kennari mættur þegar kennslustund hefst. Nemendur eiga ekki að koma í skólann fyrr en um það leyti sem kennsla hefst.
- Kennsla skal vera eftir kennslustigum sem hér segir:
  - Nemendur í 5.-7. bekk fá kennslu í klukkustund (8-9 og 9.30-10.30) hjá umsjónarkennara sínum – ásamt þeim öðrum starfsmönnum sem skólinn ákveður til stuðnings í bekk. Bekkjum er skipt í tvennt, ef þarf, (út frá stafrófsröð nemenda) og þeir hittist ekki þegar einn hópur fer heim, ákveðin hreinsun fari fram á 30 mín. hléi á ábyrgð umsjónarkennara og annar kemur svo hver nemandi mætir í eina klukkustund á dag. Nemendur fá ávöxt þegar farið er heim úr skóla.
  - Nemendur í 8.-10. bekk fá kennslu í klukkustund (9.15-10.15 og 10.45-11.45) hjá umsjónarkennara sínum – ásamt þeim öðrum starfsmönnum sem skólinn ákveður til stuðnings í bekk. Bekkjum er skipt í tvennt, ef þarf, (út frá stafrófsröð nemenda) og þeir hittist ekki þegar einn hópur fer heim, ákveðin hreinsun fari fram á 30 mín. hléi á ábyrgð umsjónarkennara og annar kemur svo hver nemandi mætir í eina klukkustund á dag. Nemendur fá ávöxt þegar farið er heim úr skóla.
  - Nemendur í 1.-4. bekk fá kennslu frá kl. 11.30-13.20 hjá umsjónarkennara sínum. Enginn hópur skal vera með fleiri en 20 nemendur. Í upphafi fá nemendur hádegisverð í stofu þar sem þeir snæða og deila ekki mat (20 mín.). Heimilit er að fara út með hóp en halda skal utan um hann á skólaáæð að hann baldnist ekki öðrum hópum. Eftir það eru nemendur áfram í stofunni þar sem starfsemi frístundaheimilis tekur við – fyrir þá nemendur sem þar eru skráðir nú þegar. Frístundaheimilinu lokar kl. 15 að nemendur fara heim og er hleypt sér út í hverri stofu þannig að hópar hittast ekki í skólahúsnæðinu.
- Varðandi kennslu í 5.-10. bekk ef þarf að skipta í tvo hópa í sömu kennslustofu þarf að gera ráð fyrir ákveðinni hreinsun (ekki þrifum) milli hópanna. Stjórnendur útvega á mánudag viðkomandi hreinsiefni í hverja stofu sem um ræðir. Þetta er það sem skal gera í þrifum milli hópanna er að strjúka með sápuvatni eða hreinsiefni í klút:
  - Hurðahúna.
  - Hurðalæsingar.
  - Ljósarofa.
  - Snertiskjái (ef það er verið að deila spjaldtölvum milli nemenda milli hópa).
  - Lyklaborð.
  - Tölvumýs.
- Skipulagið hér ofar er daglegt skipulag sem skal haldið allt samkomubannið – nema tilkoma sérstök fyrirmæli síðar og einstaka bekkir fari í sóttkví. Skólum er heimilt að færa einstaka árganga milli kennslustiga/-hólfa, t.d. 7. bekk yfir í kennsluhólf unglingsstigs. Gildir um bekki á mörkum kennslustiga eins og aðstæður í hverjum skóla gefa möguleika til, t.d. út frá húsnæðisaðstöðu í skóla.
- Það er viðkomandi kennara (umsjónarkennara) að ákveða hvernig kennslustund er háttað en um leið hvatt er til samstarfs innan kennslustiga hvers skóla við að útfæra saman uppbyggingu kennslustundanna með fast skipulag sem sé hvetjandi, styðjandi og gefandi fyrir nemendur.
- Varðandi námsgreinar í kennslustund í skóla skal lögð áhersla á íslensku, stærðfræði og samfélagsgreinar – nema umsjónarkennari í einhverjum tilvikum getur valið aðrar áherslur ef það á betur við og telst heppilegra í viðkomandi aðstæðum.
- Öll kennsla skal fara fram í sömu stofu og þess vegna er engin list- og verkgreinakennsla, skólaíþróttir eða sérgreinakennsla í sérstökum stofum (tungumálastofa, náttúrufræðistofa,

upplýsingatæknistofa o.s.frv.). Sérgrainastofur má tengja kennsluhólfi yngsta stigs til að leysa mál vegna of stórra bekkja og þarfa fyrir sérrými til stuðnings.

- Komi nemandi í skóla sem reynist smitaður skal fara að tilmælum heibrigðisyfirvalda um framhaldið, þ.e. ef kveðið er á að allir samnemendur/starfsfólk sem voru í stofunni með nemanda eigi að fara í sóttkví fellur kennsla í viðkomandi bekk niður í samræmi við sóttkvíartímann.
- Varðandi notkun ritfanga að hafa sem minnst miðlun þeirra milli nemenda, þ.e. vera með ákveðin gögn hjá sér núna og skila ekki í sameiginleg box ef hægt er að komast hjá því. Ekki ætlast til að farið sé heim með ný ritföng núna eða önnur en þau sem var þegar er farið með heim (t.d. reiknivélar, spjaldtölvur o.þ.h.)
- Allur akstur vegna skólaþróttta fellur niður og engar vettvangsferðir í rútum/strætó farnar.

### **3 Starfsmenn aðrir en kennarar:** *Hver starfsmaður sinni afmörkuðum verkefnum á ákveðnum stað.*

- Ritari, starfsmaður skólasafns, náms- og starfsráðgjafa, skólafélagsráðgjafi, UT starfsmenn, húsumsjónarmaður, starfsmenn í eldhúsi, og mögulega einhverjir aðrir sem skólastjórar skilgreina, sinna störfum á sínu starfshólfi, starfshólfi stjórnunar. Þeir mega ekki inn fara inn í hólf kennslustiganna en mega tengjast starfshólfi sérdeilda(r) ef þær eru í viðkomandi skóla. Skólastjórnendur geta valið að setja aðila úr stjórnendahólfi í önnur hólf og eru þeir þá þar.
- Lagt er til að húsumsjónarmaður sé sem mest innan stjórnendahólfs og fari ekki inn í önnur hólf nema við sérstakar aðstæður. Ef þörf er á sinna verkefnum inni í öðrum hólfum sé það gert á þeim tíma þegar nemendur/starfsfólk er þar ekki ef þess er nokkur kostur. Aðeins í algjörrri neyð er slíkt brotið. Það sama gildir um UT kennsluráðgjafa og tölvuumsjónarmann – nema ef stjórnendur taka ákvörðun um að setja þá inn í annað hólf.

### **4 Umsjónarkennarar:** *Ábyrgð á kennslu umsjónarbekkja sinna.*

- Umsjónarkennarar annast kennslu sinna bekkja (1 eða 2 kennslustundir eftir því hvort bekkjum er skipt eða ekki). Ef umsjónarkennari er veikur skal skólastjórnandi velja annan kennara í hans stað til að annast kennslu. Öll afleysing skal leyst innan hólfis, þ.e. sá sem tekur við bekk er í viðkomandi hólfi svo skipta skal kennarahópi í upphafi út frá áætlunum um líkleg forföll starfsmanna.
- Umsjónarkennari skal stýra hreinsun milli hópa ef það eru tveir hópar í sömu stofu innan sama dags. Til þess eru 30 mín. hlé milli hópa.
- Umsjónarkennari stýrir störfum allra þeirra starfsmanna sem kunna að vera í kennslustund hjá umsjónarbekk hans.
- Umsjónarkennarar mæta í sitt starfshólf miðað við kennslu sína skv. skipulagi hér ofar. Þeir mega halda heim eftir kennslu en mega einnig vinna áfram í skóla.
  - Umsjónarkennarar í 5.-10. bekk í sínum kennslustofum.
  - Umsjónarkennarar í 1.-4. bekk á vinnustöð innan kennsluhólfs sem verði komið á.
- Umsjónarkennarar skulu taka við heimaverkefnum daglega eftir því sem við á. Lagt er til að samráð sé innan kennslustigs hvers skóla um þá útfærslu.
- Umsjónarkennarar á yngsta stigi vinni með starfsfólki frístundaheimilis um sameiginlega nýtingu á stofu og gögnum hjá umsjónarnemendum.
- Allir kennarar skulu vera fast í skóla sem nemur tveimur kennslustundum en að öðru leyti mega þeir vinna heima eða í skóla, þ.e. það sem snýr að heimanámi, þ.e. námsskilaboðum og yfirferð námsverkefna eins og við á.

### **5 Aðrir kennarar:** *Stuðningur við bekkjarkennsluna.*

- Aðrir kennarar en umsjónarkennarar (greinakennarar, sérgreinakennarar, list- og verkgreinakennarar) séu til stuðnings í einu kennsluhólfi á samkomubannstímanum. Þeir eru til

stuðnings umsjónarkennara, leysa hann af í veikindum og vinna með umsjónarkennara að því að gefa heimaverkefni. Deildarstjóri hólfstýrir verkefnum þar.

- Sérkennarar sem vinna sér sérdeildum vinna samkvæmt skipulagi sem tengist sérdeildum.
- Sérkennarar sem sinna kennslu og stuðningi við nemendur í bekkjum skulu vera skipt fast í kennsluhólfi sínu, þ.e. taka við nemendum sem þurfa stuðning og einnig þeim sem mögulega eru umfram 20. nemandann (yngsta stig). Sér sérkennarar tengdir ákveðnum bekk með stuðning inni í stofu geta þeir ekki farið í aðra bekki innan samkomubannstímans.

#### **6 Stjórnendur: Ný verkaskipting og takmörkuð samskipti stjórnenda.**

- Skólastjóri skal vera í stjórnunarálmu skóla en hann skal ekki fara inn á hólfi kennslustiga. Aðstoðarskólastjóri skal vinna heima frá sér og má aðeins koma í skóla ef skólastjóri veikist (eða í sóttkví). Um þetta gildir í eina viku í senn og er þá skipt um stjórnendur um helgar (svo framarlega sem annar þeirra hafi ekki veikist).
- Aðstoðarskólastjóri mætir á stjórnendafund á mánudag kl. 8-9.30 með öðrum stjórnendum en fer síðan heim þegar farið verður í hólfi kl. 9.30.
- Í skólum með tvær starfsstöðvar og tvo aðstoðarskólastjóra skiptast aðstoðarskólastjórar viku og viku og skólastjóri er allan tímann. Ef skólastjóri veikist (fer í sóttkví) verða báðir aðstoðarskólastjórar að störfum.
- Stjórnendur sem starfa á sitt hvorri starfsstöð innan sama skóla hittist ekki meðan á samkomubanni stendur, hvort heldur á skólatíma eða utan hans.
- Ef tveir aðstoðarskólastjórar eru í sama skóla en skóli með eina starfsstöð skal bara annar vera að störfum og sinna verkefnum sem skólastjóri ákveður að heppilegast sé að sinna út frá aðstæðum. Ef aðstoðarskólastjóri sinni þar verkefnum í kennsluhólfi getur hann ekki komið aftur í stjórnenda
- Miðað er eftir að skólastjórnendur mæti í skóla kl. 7.30 og fari ekki heim fyrr en kl. 15.30 dag hvern meðan á samkomubannstíma stendur. Skólastjórnendur séu sem minnst á mannámótum meðan á samkomubannstíma stendur.

#### **7 Heimanám: Aukið heimanám og sérhæfð námsskilaboð.**

- Gert er ráð fyrir að nemendur nýti þær bjargir og tækni heima sem þeir þegar hafa aðgang að í skóla eftir því sem kennarar telja eðlilegt við þær kennsluáætlaðar sem fyrir liggja.
- Umsjónarkennari, í samstarfi við greinakennara þar sem við á, gefur nemendum daglega námsskilaboð – hvort heldur í daglegri kennslustund eða með stafrænum leiðum utan daglegrar kennslustundar og taldar eru heppilegar hverju sinni. Miðað er við að nemendur fái heimanám (heimavinna, heimakennsla) á dag sem nemur 1 kennslustund (yngsta stig), 2 kennslustundir (miðstig) og 3 kennslustundir (elsta stig). Í heildina eru á viku 16 tímar á yngsta stigi, 17,5 tímar á miðstigi og 22,5 tímar á elsta stigi. Að auki eru nemendur hvattir til að hreyfa sig, fræðast (lesa bækur og blöð, horfa á fræðsluefni) og sinna skemmtilegum áhugamálum heima.
- Sérstök áhersla verði kynnt gagnvart nemendum um hreyfingu sem hluti heimanáms – umfram þær kennslustundir sem skilgreindar eru sem heimanám (ein, tvær eða þrjár eftir kennslustigum).

## **8 Matarþjónusta:** *Til staðar en aðlöguð að nýjum aðstæðum.*

- Nemendur í 5.-10. bekk fái ávöxt í lok kennslustundar þegar þeir fara heim.
- Nemendur í 1.-4. bekk fá hádegismat inni í stofu í upphafi sinnar kennslu (20 mín.) sem er tilbúinn til neyslu beint án sérhæfðrar skömmtunar, t.d. samloka, skyr, jógúrt, drykkur og annað sem hægt er að færa án þess að skömmtun eigi sér stað. Þeir fá einnig ávöxt í frístundaheimili áður en haldið er heim.
- Enginn hafragrautur er afgreiddur á samkomubannstíma og síðdegishressing er ávextir.
- Nemendur í sérdeild fá morgunávexti, hádegisverð og síðdegisávexti í samræmi við tímasetningar annarra sem fá matarþjónustu yfir daginn.
- Starfsfólk/kennarar í kennsluhólfum fær matarþjónustu eins og viðkomandi nemendur hólfins og um leið og þeir.
- Starfsfólk í stjórnendahólfi fær ávexti og hádegisverð eins og útbúið er fyrir nemendur.
- Deildarstjórar skulu stýra úthlutun matar í kennslustofur í hverju hólfu sem þeir taka á móti við hólfaskil frá stjórnendahólfi og bera ábyrgð á framkvæmd hennar. Þeir sem dreifa mat fari þó ekki inn í stofur heldur afhendi í stofudyrum.
- Engar skráningar eru á mat hjá starfsfólki þennan tíma og allir fá þann mat sem er í boði til nemenda á þeim tíma sem þeir eru að störfum.
- Engir nemendur komi með nesti í skólann, allir fá mat í skóla út frá því skipulagi sem er í gangi og annað fyrirkomulag er ekki í gangi.
- Engir komi komi með nesti í skólann frá þriðjudegi, allir fá mat í skóla út frá því skipulagi sem er í gangi og annað fyrirkomulag er ekki í gangi.

## **9 Veikindi og leyfi frá skóla:** *Sömu reglur og áður en minni afleiðingar.*

- Skólastarfið sem skipulagt er í samkomubanni er hluti skólaskyldu. Sé nemandi veikur, af hvaða ástæðu sem er, skal vera heima og foreldrar skrá veikindi (í Mentor) eða tilkynna til skóla líkt og gert er venjulega í viðkomandi skóla. Um leyfi nemenda gilda þær reglur sem nú eru í gangi – að undanskildu því að mætingar á samkomubannstíma munu ekki vera hluti skólaeinkunnar þar sem það á við.
- Sýni nemandi einkenni sem líkjast sjúkdómseinkennum sem tengjast kórónaveirunni skal hann ekki sækja skóla og foreldrar vera í samráði við heilbrigðisyfirvöld um dvöl þeirra heima (sími 1700). Systkini nemanda sem er með staðfesta kórónusýkingu sækir ekki grunnskóla (þótt hann sé grunnskólanemandi) og skulu vera í sóttkví í samræmi við tilmæli yfirvalda.
- Starfsfólk með undirliggjandi sjúkdóma geti verið í sóttkví ef þess er nokkur kostur. Skólastjóri ákveður slíkt í samráði við starfsmann og heilbrigðisyfirvöld eftir því sem við á.
- Allar afleysingar vegna veikinda starfsfólks verða að leysast innan kennsluhólfa. Sækja má aðila úr stjórnendahólfi inn í kennsluhólf ef slíkar aðstæður skapast og fer viðkomandi ekki aftur í stjórnendahólfið meðan á samkomubanni stendur.
- Foreldrar skrái daglega inn veikindi og leyfi, veikindi ef nemandi er veikur og leyfi ef nemandi sækir ekki skóla. Það skal skrá fyrir allan daginn en ek

## **10 Sérdeildir:** *Sérdeildir starfa á sinn hátt.*

- Sérdeild er sérstakt starfshólf sem nemendur eru innan allan skóladag sinn. Starfsmenn sérdeilda mega tengjast stjórnendahólfi, þ.e. sækja þangað með þjónustu og fá þjónustu, t.d. hjá náms- og starfsráðgjafa og skólahjúkrunarfræðingi, matarþjónusta, hreinlætisaðstaða.
- Nemendur í sérdeildum skulu vera í húsnæði sérdeilda sinna allan tímann í skóla og lúta sérstöku kennsluskipulagi og starfsmenn þeirra sömuleiðis. Þeir mega nota skólalóð undir eftirliti starfsmanna deildar, bæði í kennslustundum og frímínútum.

- Sérdeildir starfa eftir núverandi tímatöflu nemenda sem í þeim eru, en breyting getur orðið á kennslugreinum innan dagsskipulags (sbr. að það verður ekki hægt að fara í aðrar stofur en þær sem tilheyra sérdeildinni sérstaklega.
- Veikist nemandi eða starfsmaður sérdeildar af kórónaveiru skulu nemendur og starfsfólk hennar fara í sóttkví og starf deildarinnar leggjst niður.
- Sérdeildir skilgreini starfsemi sína á samkomubannstímanum. Vegna mismunandi aðstæðna í sérdeildum er einstaka deildum heimilt að breyta frá almennu reglunni um starf allan daginn. Það á sérstaklega við um eldri nemendur og vægari raskanir, t.d. sérdeild Öldutúnsskóla.
- Nemendur í sérdeildum haldi akstursþjónustu sinni – nema til lokunar sérdeildar komi ef nemandi eða starfsmaður í sérdeild veikist af kórónaveiru fer öll deildin í sóttkví.

#### **11 Tómstundamiðstöð: Skert og aðlöguð starfsemi.**

- Starfsemi frístundaheimilis er skert og stendur yfir frá kl. 13.20-15/16 í kennslustofum nemenda á yngsta stigi. Starfsemin er fyrir þá nemendur sem þegar eru í frístundaheimilum, aðeins fyrir nemendur í 1. og 2. bekk. Ekki er heimilt að færa nemendur milli stofa í frístundaheimilinu, ekki heldur innan árganga. Möguleikar á tilfærslum í rýmum fyrir frístundaheimili innan kennsluhólfs, þ.e. ef í einhverjum tilvikum að hópar (innan við 20) sé til sérstakt rými sem aðrir hafi ekki farið inn í á sama degi, t.d. sérstakt húsnæði frístundaheimilis sem ekki er notað að öðru leyti. Ákvörðun skólastjórnenda í hverjum skóla.
- Mögulega er heimilt að einstaka nemendur í 3.-4. bekk sæki þjónustu frístundaheimilis ef skólastjórnendur telja sérstaka ástæðu til, t.d. að nemandi þurfi mikinn stuðning sem hann hafi líka í dag með sérstökum starfsmanni (8stuðningsfulltrúa). Það er fyrirkomulag má vera áfram telji skólastjórnendur mögulegt að manna slíkt. Það fer þá fram í þeirri stofu sem nemanda er í og það má ekki færa nemendur milli stofa hér til að sameina innan árgangs í 3. og/eða 4. bekk.
- Almenn starfsemi félagsmiðstöðvar fellur (að mestu) niður í samkomubanni. Mögulega má skoða ef frá líður að það skuli bjóða upp á starf fyrir einstaka hópa en það verði ekki til að byrja með. Þá væri um að ræða einn bekkur í einu í félagsmiðstöð og alltaf þríf milli hópa.
- Deildarstjóri tómstundamiðstöðvar og aðrir starfsmenn frístundaheimilis eru í kennsluhólfi yngsta stigs á þeim tíma sem frístundaheimili starfa (til viðbótar störfum sínum í stuðningi við kennslu eftir því sem er í dag hjá starfsmönnum frístundaheimilis) – undantekning er að ef sérdeild er í skóla sem tengist frístundaheimili (sjá hér neðar). Starfsmenn sem eingöngu vinna í félagsmiðstöð síðdegis og á kvöldin sinna umræddu bekkjarstarfi kynnt hér ofar.
- Ef þörf er á starfsfólki frá tómstundamiðstöð til að sinna nemendum frá sérdeild í frístundaheimili skulu þeir starfsmenn vera í kennsluhólfi sérdeildarinnar í stuðningi á kennslutíma og síðan með starfsemi frístundaheimilis þar.
- Enginn frístundaakstur meðan á samkomubanni stendur.

#### **12 Þríf skóla:**

- Skóli er þrífinn daglega og þríf aukin eftir því sem um semst við verktaka sem annast þríf skóla.
- Þríf skulu fara fram eftir kennslu (og frístundastarfsemi í kennsluhólfi yngsta stigs) í hverju kennsluhólfi.

### **13 Skipulag vinnu mánudaginn 16. mars: Samvinna um skipulag.**

- Mánudaginn 16. mars mæta stjórnendur til vinnu kl. 8 en aðrir starfsmenn kl. 9.30. Starfsmönnum er skipt í hólf í samræmi við það sem hér ofar hefur verið skilgreint. Starfsmenn/kennarar í hverju hólf skipuleggja vinnusvæði, kennslu og annað sem þarf að
- Starfsmenn eru í hólfum sínum viðkomandi starfsdag og blandast ekki milli starfshólfa í skóla.
- Starfsmenn fá mat í kennsluhólf sín, morgunávexti og hádegismat, án skráninga.
- Gluggi verður opnaður einu sinni inn í stjórnendahólf úr öðrum hólfum að morgni mánudags (milli kl. 9.30-12) til að hægt sé að sækja gögn út í hólf. Starfsfólk hvers hólf fer saman og aðrir starfsmenn sé annað hvort í sínum hólfum og starfsfólk í stjórnunarhólf í sínum svæðum/skrifstofum eins og við á.
- Starfsmönnum er heimilit að koma með nesti á skipulagsdaginn þar sem ekki er ljóst enn hvort hægt verði að tryggja þeim hádegismat þennan dag sökum skamms fyrirvara.

### **14 Foreldraskilaboð: Sérstök foreldraskilaboð.**

- Samið verður miðlægt starfsmannabréf um helgina til allra starfsmanna, almenns eðlis. Kynnir mætingu í skóla kl. 9.30 inn í sitt hólf og annað sem vert er að ræða, t.d. nesti á morgun, opnun gluggans, skráningar í Vinnustund. Það er sú lína sem þetta skjal kynnir.
- Samið verður miðlægt foreldrabréf um helgina til allra foreldra, almenns eðlis. Það er sú lína sem þetta skjal kynnir. Fer á undan til stjórnar foreldrafélags og skólaráðs.
- Hver skóli sendir foreldrum skilaboð eftir skipulagsdag á mánudag um framkvæmdina á þriðjudaginn með nánari skilaboðum um skipulag síns skóla.
- Foreldrar fá daglega skilaboð um stöðu mála og breytingar sem eiga sér stað í skólasterfinu.
- Skilaboð til foreldra verði á íslensku (og ensku ef þess er nokkur kostur) sem tengist skólasterfinu á samkomubannstíma.

### **15 Annað: Annað starf í lágmarki.**

- Meðan á samkomubanni stendur mun skóli draga sem mest úr fundum, atburðum og teymisvinnu nema það sé algjörlega nauðsynlegt og hluti neyðarstjórnunar. Öll þjónustu skóla- og félagsþjónustu fellur niður úti í skólum.
- Starfsmenn skóla- og félagsþjónustu sveitarfélagsins mega ekki koma í skóla til að sinna verkefnum sínum en mega sinna samskiptum við starfsfólk skóla í gegnum stafræn samskipti og síma.
- Viðvera starfsmanna tengist verkefnum þeirra, þ.e. viðvera í samræmi við skipulag hólf og verkefni heima eins og við á. Öðrum verkefnum en því sem tengist samkomubanni og kennslu meðan á því stendur eru látin bíða – nema brýna nauðsyn beri til.
- Gestakomur í skóla eru óheimilar og foreldrar koma ekki inn í skólabyggingu, afhendi börn sín við útidýr í viðkomandi starfshólf.
- Engar skráningar í Vinnustund í bili og síðar koma tilkynningar um slíkt.
- Engar skráningar í mat í bili og síðar koma tilkynningar um slíkt.
- Slökkt verði á skólaklukku. Nýjar tímasetningar í samkomubanninu.
- Ef kennarar vinna heima er það á þeirra ábyrgð að hafa með sér næg göng til þess. Þeir hafa ekki VPN-tengingu (aðgang að heimasvæði sínu heiman frá) en ef þeir hafa heima aðgan að interneti geta þeir unnið í gegnum Gsvítuna til að gefa nemendum námsskilaboð og taka á móti þeim.

Hafnarfirði 15. mars 2020.

Skrifstofa mennta- og lýðheilsusviðs Hafnarfjarðar.

## Viðauki 1

**Forgangshópar:** Það sem hefur þurft að taka ákvörðun um meðan á framkvæmdinni stendur.

Það er ákvörðun yfirvalda að börn foreldra í forgangshópi almannavarna sem eru í 1. og 2. bekk grunnskóla fái gæslu alla skóladaga frá kl. 8-16. Allar slíkar umsóknir þurfa að berast í gegnum vefsvæðið [island.is](http://island.is) og í framhaldinu samþykkir skólastjóri eða hafnar umsóknum í samræmi við forgangslista almannavarna um mikilvæga neyðarstarfsemi. Þessi póstur kemur til foreldra sem hafa sent inn slíka umsókn og forgangur hefur verið samþykktur.

Vegna skólustarfs fyrir börn í forgangshópi er eftirfarandi ákveðið af skrifstofu mennta- og lýðheilsusviðs Hafnarfjarðar fyrir starfsemi grunnskóla Hafnarfjarðar í samkomubanni.

**Meginregla:** Þau börn sem eru í forgangshópi skulu mæta í bekkjarstofur sínar kl. 8 að morgni og dvelja þar fram að kennslu síns bekkjar, vera í kennslu bekkjarins, fara í frístundaheimili en verða þar til kl. 16 þótt önnur börn hætti kl. 15. Börnin fá gæslu eins og hægt er en treyst er á þeirra eigin virkni í kennslustofu utan formlegs skólustarfs, t.d. að spila, lesa, sinna námsverkefnum og öðru því sem er mögulegt við þessar sérstöku aðstæður.

Ef skóli treystir sér ekki til að fara eftir meginreglu, t.d. sökum starfsmannaskorts, er heimilt að fylgja varareglu.

**Vararegla:** Búinn er til sérstakur hópur með börnum úr 1. og 2. bekk innan viðkomandi kennsluhólfs sem verður í gæslu þar frá kl. 8-16. Þessi hópur mun ekki blandast öðrum nemendum og ekki taka þátt í kennslu síns bekkjar eða frístundastarfi síns bekkjar út samkomubannið (eða þar til skóli lokar eða allir í umræddum hópi fari í sóttkví). Ef mögulegt er, þ.e. kennarar verði til staðar í verkefnið, verður boðið upp á kennslu í tvær klukkustundir í þessum hópi til jafns við hópana sem eru í gangi á sama tíma hjá jafnöldum í skólanum. Kennsla í bekkjarhópum gengur samt fyrir.

Gert er ráð fyrir að þessi framkvæmd hefjist mánudaginn 23. mars og standi á meðan núverandi samkomubann er í gildi.

Vinsamlegast upplýstu skólastjórnendur grunnskólans um tímabörfina fyrir þitt barn eins og við á hverju sinni, þ.e. hvort það nýti allan tíma alla daga eða aðeins hluta þess tíma.

Hver skóli tilkynnir umræddum foreldrum sitt skipulag út frá ofangreindu með því að senda þennan póst og sömuleiðis þá leið sem skólinn fer.

Hafnarfirði 20. mars 2020.

Skrifstofa mennta- og lýðheilsusviðs Hafnarfjarðar.



## Viðauki 2

**Heimanámsútfærsla:** Það sem hefur þurft að taka ákvörðun um meðan á framkvæmdinni stendur.

### Heimanám í samkomubanni grunnskóla Hafnarfjarðar 2020

Eftirfarandi eru meginlínur fyrir grunnskóla Hafnarfjarðar að starfa eftir ef kemur að lokun grunnskóla á Íslandi í samkomubanni 2020:

- SKÓLASTARF OG HEIMANÁM:** Skólastarf fari fram eftir þeim meginlínunum sem gerð voru í upphafi takmarkana skólastarfs frá 15. mars 2020, þ.e. heimanám sé hluti skólastarfs og það var aukið þannig að nemendur á yngsta stigi fái heimanám sem samsvari 1 kennslustund á dag, miðstig 2 kennslustundir og elsta stig 3 stundir. Ekki er um fjarkennslu að ræða, þ.e. sé miðað við það að „fjarkennsla“ merki „að kennari sé í rauntímatengslum (streymi með mynd og hljóði) við heilan bekk að leggja inn kennsluefni og gefa önnur námsleg fyrirmæli þar sem allir nemendur bekkjar sjá kennara í mynd og hljóði og fylgist með kennslunni saman.“ En um nám er að ræða, jafnvel meira sem „fjarnám“ þar sem nemandi getur ekki setið kennslustundir í skóla og námsvinna fer fram á heimili nemanda í þessum tilvikum og því meira sem nemandi er eldri undir stjórn (umsjónar)kennara.
- VIRKNI OG HVATNING KENNARA:** Þess utan er gert ráð fyrir að umsjónarkennari, í einhverjum tilvikum í samstarfi við aðra kennara eins og við á, hafi regluleg og virk tengsl við umsjónarnemendur sína. Ef umsjónarkennari veikist og getur ekki af einhverjum orsökum annast kennsluna fái annar kennari umrætt verkefni. Þannig getur kennari hringt heim og spjallað við foreldra og nemendur, átt samskipti í gegnum samskiptamiðla (Mentor, Google classroom, Google Hangout, Google Meet o.fl.), eina eða í litlum hópum, senda tölvupósta og nýta aðrar aðferðir til að tengjast nemendum og styðja þá í samkomubanninu. Miðað er við að kennarar noti aðferðir sem hann og nemendur þekkja nú þegar – þótt alltaf megi bæta sig í slíku. Allir kennarar hafi skyldur til að útbúa námsverkefni fyrir sína nemendur eins og við á, undir stjórn umsjónarkennara og deildarstjóra stiga.
- UPPLÝSINGATÆKNI:** Skólar nýti tæknina eins og mögulegt er í samskiptum við heimilið. Nemendur frá 5. – 10. bekk í grunnskólum Hafnarfjarðar hafa persónulega spjaldtölvu, iPad, til afnota og eru með aðgang að G-suite kerfi Google sem bærinn heldur utan um. Það færir skólum og nemendum persónulegt netfang og aðgang að drifi þar sem nálgast má og miðla gögnum innan bekkja og skóla. Þar eru einhverjir möguleikar að þróa þessa notkun í samkomubanni án þess að gerðar séu kröfur um að verið sé að taka upp nýjungar sérstaklega. Við aðra nemendur fara samskipti við heimilin í gegnum Mentor og tölvupóst og mögulega önnur tæki og hugbúnað (t.d. hugbúnað á vefnum) – eða einfaldlega síma . Gert er ráð fyrir að hver skóli nýti þessa möguleika eins og við á (og nemendur þekkja nú þegar þótt mögulega verði notkunin útvíkkuð í þessum sérstöku aðstæðum).

Almennt séð skiptir máli við þær aðstæður að ef skólar loki að það verði ekki umbreyting á námi nemenda frá því sem nú er. Mikilvægast er núna, frá sjónarhóli tækninnar, að kennarar nýti þá tækni sem þeir hafa þegar tileinkað sér frekar en að ætlast til að þeir taki nýja tækni í notkun. Mikilvægast sé við þessar aðstæður að kennarar styðji við nemendur í gegnum þá samskiptamöguleika sem þegar eru til staðar (sérstaklega Google classroom í iPad frá 5.-10. bekk). Kannski eru í einhverjum tilvikum möguleiki á meira skapandi notkun á iPad heima en hafa ber í huga að það eru margvíslegar aðstæður á heimilum sem eru misvel í stakk búinn að styðja við aukið heimanám nemenda og flóknar kröfur (t.d. skapandi vinnu utanhúss með tæknina), t.d. vegna áhyggna, veikinda og starfsmissi á heimilum. Það þarf að bera virðingu fyrir aðstæðum nemenda.

Núna skiptir mestu að styðja við kennara og setja ekki nýtt álag á þá með notkun tækninnar við þessar aðstæður. Þeir þurfa að geta haldið sínu skipulagi og verkefni upplýsingatækninnar er að létta á álagi af kennurum en ekki að auka það.

4. **UPPLÝSINGAVEITUR SKÓLA:** Skólar leggi sig fram um að kynna ýmislegt fræðsluefni (texta, myndbönd og fræðsluvefi) fyrir heimilunum sem geti stutt foreldra við að stytta börnum stundir sínar. Hugað skal að virkni hvers skóla hér til að sjá leiðir til að miðla efni og ná til heimilanna með fræðslu sem hæfi aðstæðum (þroska nemenda og námskrá skóla). Hvatt er til samstarfs skóla í milli í Hafnarfirði til að safna, deila og samnýta hugmyndir og efni milli skóla eins og mögulegt er. Sett í hendur einstakra skóla að útfæra og stutt af skrifstofu mennta- og lýðheilsusviðs eins og þörf verður á.
5. **SÉRSTAKUR STUÐNINGUR:** Skólar hugi að sérstökum stuðningi við nemendur sem standa almennt höllum fæti og leggi sig fram um að vera með sérstök tengsl við þá nemendur, t.d. með reglulegum, persónulegum samskiptum þar sem unnið að því að draga úr vanlíðan (áhyggjum/kvíða, leiða o.þ.h.) og auka tengsl viðkomandi við umhverfi sitt. Hver skóli útfærir það út frá eðli hvers máls, og sinni sérstöðu líka (t.d. sérdeildum).
6. **SKÓLA- OG STARFSMANNAÁBYRGÐ:** Í öllu þessu ferli er treyst á kennara, skólastjórnendur og annað stuðningsfólk kennslunnar, að finnar hugmyndir, (samskipta)leiðir og aðferðir til að útfæra skólastarfið svo samkomubannið raski sem minnst lífi og námi nemenda í grunnskólum Hafnarfjarðar miðað við þær sérstöku aðstæður sem við lýði eru.

Kennarar eru hvattir til að sinna ekki vinnutengdum verkefnum eftir kl. 17.00 dag hvern, verði því við komið. Meti kennari það sem svo að það henti honum betur að sinna kennsluskyldum sínum utan þessa tíma, þ.e. eftir kl. 17 á daginn, er það hans eigið val út frá aðstæðum sínum og hann vinnur þá í samræmi við eigin ákvarðanir þar miðað við starfshlutfall sitt.

Starfsmenn grunnskóla eru að störfum í samkomubanni og hafa því starfslegar skyldur í samræmi við hlutverk sín og verkefni uns annað er ákveðið eða samið um.

Hafnarfirði 24. mars 2020.

Skrifstofa mennta- og lýðheilsusviðs Hafnarfjarðar.

## Viðauki 3

**Sóttvarnarhólf:** Það sem hefur þurft að taka ákvörðun um meðan á framkvæmdinni stendur.

- Komi til þess að starfsmaður í sóttvarnarhólfi/kennari í einum bekk smitist af kórónaveirunni leitar skólinn ráðgjafar, bæði heilsugæslu og skrifstofu mennta- og lýðheilussviðs, áður en tekin er ákvörðun um lokun bekkjar og/eða sóttvarnarhólfs (kennslustigs). Meginreglan er að gæta meðalhólfs, þ.e. að loka ekki umfram það sem eðlilegt er þrátt fyrir að sóttvarnir séu í forgrunni ákvörðunar út frá þessu:
  - Ef nemandi í bekk smitast af veirunni skal bekkur hætta starfsemi og allir fara í sóttkví sem hafa tengst starfsemi bekkjarins (2 vikur).
  - Ef kennari í bekk smitast af veiru skal bekkur hætta starfsemi og meta út frá aðstæðum í kennsluhólfi hvort allt hólfið fer er í sóttkví.

Leita skal til skrifstofu mennta- og lýðheilussviðs áður en ákvörðun er tekin um lokun.

Að lokum verður það einnig ákvörðun rakningarteymis/almannavarna að ákvarða með lokun og sóttví sem skólastjórnendur fylgja.

- Ef það þarf að færa til fólk vegna veikinda eða forfalla í bekkjum þá koma hér frekari leiðbeiningar:
  - a. Ef það vantar kennara í bekk (umsjónarkennari forfallast) skal sækja annan kennara úr kennsluhólfinu sem skal vera með þessum bekk eingöngu. Ef það tekst ekki þá skal næsta regla taka við, regla b.
  - b. Ef það vantar kennara í bekk innan hólfs og aðeins kemur til greina kennari innan hólfs sem hefur verið í öðrum bekk líka skal líða einn dagur á milli þess að farið er inn í annan bekk og kennari skal vera einkennalaus af pestum í millitíðinni. Ef það tekst ekki þá skal næsta regla taka við, regla c.
  - c. Ef það vantar kennara í bekk innan hólfs og aðeins kemur til greina kennari innan hólfs skal kennari skal vera einkennalaus af pestum. Ef það tekst ekki þá skal næsta regla taka við, regla d.
  - d. Ef til þess kemur að kennara vantar í sóttvarnarhólf (kennslustig) er heimilt (í neyðartilvikum að ákvörðun skólastjóra því áhættan hér er að tveimur hólfum gæti verið lokað í stað eins ef smit kemur upp sem umræddur kennari tengist í fyrra hólfi) að sækja hann í annað sóttvarnarhólf – svo framarlega sem ekkert smit hafi orðið í því hólfi sem kennari kemur úr (og kennari fer ekki oftár milli hólfa, þ.e. fer ekki til baka). Ef það tekst ekki þá skal næsta regla taka við, regla e.
  - e. Ef kennara vantar enn skal fella niður kennslu hjá viðkomandi bekk meðan ekki er kennari til starfa.
- Starfsfólk sem vinnur allan daginn (t.d. hólfastjóri, ritari, UT kennsluráðgjafi o.fl.) getur komið með nesti í skólann ef þörf er á sérþæði og vegna sérstakra aðstæðna. Skólastjóri skilgreinir þá aðila sem um ræðir innan hvers skóla.

Hafnarfirði 25. mars 2020.

Skrifstofa mennta- og lýðheilussviðs Hafnarfjarðar

## Viðauki 4

**Starfsemi eftir páskafrí ef um samkomubann og takmarkað skólalald verður að ræða: Hópabreytingar í samkomubanni 2020 og takmörkunum á skólalaldi**

„Fyrir grunnskóla Hafnarfjarðar verður opnaður gluggi einu sinni til að gera breytingar á hópaskipulagi sem tók gildi frá 15. mars 2020 í samkomubanni og takmörkunum á skólalaldi, þ.e. víkja frá röðun í hópa samkvæmt stafrófsröð. Heimilt verður að endurraða í einstaka hópa, að ákvörðun skólastjóra hvers skóla. Glugginn opnast aðeins þriðjudaginn 14. apríl, miðað við að skólalald grunnskóla sé með óbreyttu sniði frá því fyrir páska. Við endurröðun geta skólar tekið tillit til hópastærða, bekkjarsamsetninga, félagatengsla, fjölskylduaðstæðna og sérstökum öðrum aðstæðum meti skólastjóri það svo að slíkt efli skólalastarfið og bæti hag nemenda. Breytingar á hópaskipan mega ekki koma niður á sóttvarnarþáttum sem grunnskólalastarfið vinnur eftir, t.d. reglum um sóttvarnarhólf í skóla, hópar séu ekki stærri en 20 nemendur, reglum um almenna sóttkví, veikindum eða að leiða til óþarfa smithættu. Ef skóli velur að opna þennan glugga skal hann tilkynna það viðkomandi nemendum/foreldrum áður en farið verður í páskafrí.“

Útfærsla: Allir umsjónarkennarar fara yfir málið og leggja til nýja hópa (ef þeir telja breytingar eiga við) og senda á foreldra strax (1.-2. apríl) og fá staðfestingu á samþykki foreldra. Breytt hópaskipan verði ljós á föstudag (3. apríl) svo foreldrar viti hvaða börn verði saman eftir páska svo þau geti hist í páskafríinu.

Hafnarfirði 31. mars 2020.

Skrifstofa mennta- og lýðheilsusviðs Hafnarfjarðar

## Viðauki 5

**Starfsemi eftir páskafrí ef um samkomubann og takmarkað skólahald verður að ræða: Matarþjónusta í grunnskólunum.**

Varðandi matarþjónustu eftir páska, þ.e. frá þriðjudegi 14. apríl, og þar til samkomubanni verður afnumið með þeim takmörkunum sem eru á grunnskólastarfi, haldi áfram á eftirfarandi hátt:

- Hádegisverður verði fyrir nemendum í 1. og 2. bekk (kl. 11.30).
- Síðdegishressing verður áfram í frístundaheimili fyrir 1. og 2. bekk (kl. 14).
- Starfsfólk og nemendur sérdeilda fái ávexti og hádegisverð eins og var í samkomubanninu fyrir páska, sem gildir þá sömuleiðis um börn foreldra í forgangshópi sem eru allan daginn í skólanum (kl. 8-16), í samræmi við viðveru þeirra.

Þetta merkir í reynd að miðað við framkvæmdina í samkomubanni fyrir páska að hádegisverðir minnka um helming (var 1.-4. bekkur) og ávextir til nemenda í 5.-10. bekk hætta alveg (og hafragrautur var þegar hættur). Skólar láta vita um nánari fjölda eftir því sem við á.

Hafnarfirði 7. apríl 2020.

Skrifstofa mennta- og lýðheilsusviðs Hafnarfjarðar

## Viðauki 6

**Starfsemi frá 4. maí :** *Starfsemi í grunnskólum Hafnarfjarðar til loka skólaárs.*

Samkomubann aflétt þannig að grunnskólastarf hefst með eðlilegum hætti. Á þeim stutta tíma sem eftir til vors verði lögð áhersla á (a) hreinlæti og þrif, (b) dagleg verkefni í skóla en minni áhersla á ferðir, sýningar og hátíðir og (c) sem mest af maiverkefnum verði sinnt.

Eftirfarandi atriði verði höfð til hliðsjónar um framkvæmd skólahalds í grunnskólum Hafnarfjarðar við afléttingu samkomubanns frá 4. maí 2020:

**1. Árshátíðir unglinga í maí:**

- Árshátíðir verða ekki haldnar. Mögulegar opnanir á lokaböll í júní.

**2. Brúarteymi:**

- Starfar á eðlilegan máta eins og skólastjóri telur þörf á. Staðfundir.

**3. Foreldrafundir í skóla:**

- Stakir foreldrafundir vegna einstakra barna eins og þörf er á. Geti verið fjarfundir.
- Engar foreldraskemmtanir settar á til vors.

**4. Frístundastarf og frístundaakstur:**

- Frístundastarf hefst samkvæmt dagskrá eins og það var fyrir samkomubann.
- Frístundaakstur hefst samkvæmt dagskrá eins og hann var fyrir samkomubann.

**5. Frímínútur:**

- Óbreytt frímínútnafyrirkomulag frá því fyrir samkomubann.

**6. Gestir í skólum (foreldrar sem aðrir):**

- Almennt komi foreldrar ekki inn í skólahúsnæðið nema brýna nauðsyn beri til.
- Almennt séð komi foreldrar ekki í skólann til vors nema sérstakar ástæður krefji, t.d. að mæta á teymis-/skilafundi.

**7. Íþróttakennsla, íþróttahús og rútuferðir:**

- Íþróttahús opna og kennsla í íþróttahúsum eins og hver skóli vill.
- Útikennsla eins og hver vill á skólalóð í íþróttatímum
- Rútuferðir í íþróttir eins og við á (muna að láta Hópbíla vita með skipulag).

**8. Kaffistofa starfsmanna:**

- Verður opin fyrir alla starfsmenn.
- Starfsmanna að passa upp á bil milli sín.
- Mögulega getur þurft að skipta starfsfólki í holl inn á einhverjar kaffistofur (út frá stundaskrá eftir kennslustigum) og búa til minni kaffistofur um skólabygginguna sömuleiðis (eftir kennslustigum?). Aðstæður eru mismunandi eftir skólum svo hver skóli verður að finna sínar leiðir út frá 2m reglunni og hámarksfjölda (50).

### **9. Kennslufyrirkomulag frá 4. maí**

- Núverandi stundatafla haldi sér að öllu leyti frá 4. maí. Kennsla hefst kl. 9.50 (eftir löngu frímínútur).
- Allar stofur og kennslugreinar verði frá því sem var fyrir samkomubann.
- Kennarar/skólar ákveða sjálfir með inntak kennslu og námsmat í vor.
- Námsmat á hefðbundinn hátt eins og skólar ákveða.
- Innritun í framhaldsskóla skv. reglum sem munu koma frá menntayfirvöldum.
- Tónlistarkennarar TH mega koma í grunnskólana og kenna líkt og áður.

### **10. LESTUR ER LÍFSINS LEIKUR í maí**

- *Logos greiningar* í 8. bekk verði val skv. maíplani, þ.e. í vor eða haust.
- *Orðarún* 5.-8. bekk verði lagt fyrir í maí skv. plani.
- *Lesferill* 1.-10. bk. fari fram í maí skv. plani.

### **11. Matarþjónusta út skólaárið**

- Hafragrautur (nemendur og starfsfólk) verði í boði að morgni líkt og fyrir samkomubann.
- Morgunávextir (nemendur og starfsfólk) verði í boði að morgni líkt og fyrir samkomubann. Finna leiðir til að minnka smitleiðir. (Mögulega þarf að deila ávextum til starfsmanna um skóla en ekki hafa bara á einum stað á starfsmannastofu sökum fjölda starfsmanna.) Byrjað verði að afhenda ávexti sem nemendur eiga eftir að fá afgreitt frá 16. mars.
- Mötuneyti skóla opni og hádegismatur verði afhentur þar líkt og fyrir samkomubann. Einfaldur salatbar í sjálfskömmun en samt ekki sjálfskömmun á mat. Byrjað verði að afhenda mat sem nemendur eiga eftir að fá afgreitt frá 16. mars. Skólamaturlaust sendi þá út reikninga (til þeirra sem eru í áskrift) vegna þess sem eftir verður af skólaárinu (miður maí og til 10. júní). Nemendur hella sjálf í glös og taka hnífapör – auk þess að skammta sér sjálft grænmetið (sbr. hér ofar).
- Síðdegishressing í frístundaheimilum á sama hátt og fyrir samkomubann.
- Mikil áhersla verður á þrif í matsal (allir nemendur spritti sig) og mögulega verða meiri línur lagðar síðar varðandi þrif.
- Allur matur sem afhentur er í maí er seldur viðkomandi og Skólamaturlaust (utan Áslandsskóla) annast allar skráningar þar sem lokið er þá yfirtöku bæjarins á samningi við foreldra/nemendur og starfsfólk skóla.

### **12. Matarmál starfsmanna**

- Sama í boði og gagnvart nemendum en óvíst með meiri þjónustu á kaffistofum vegna sóttvarna, t.d. veitinga sem gengið er í með sameiginlegri notkun áhalda. Eins geta skólar þurft að búa til fleiri en eina kaffiáðstöðu í skólabyggingu(m) sökum reglna um hámarksgjöld og 2ja metra nálægðarmörk á starfsmenn. Starfsfólki bent á að nýta sér möguleika vera með eigið nesti til vors í þessari takmörkuðu stöðu sem mun þurfa að vera vegna þessa.

### **13. Nemendakannanir Skólapúlsins 2019-2020:**

- Nemendakönnun 6.-10 bk. (síðasti hlutinn mars/apríl/maí) verði tekin í maí og lokið fyrir lok skólaársins.
- Nemendakönnun 1.-5. bekkja falli niður og verði að ári næst – sökum sérstakra aðstæðna þar sem líkur samanburður milli ára getur ekki átt sér stað og til að létta af álagi í skólalífinu í maímánuði.

**14. Nemendamætingar eftir 4. maí:**

- Skólasóknarkerfið tekur gildi (Brúarteymi, barnaverndartilvísanir) þar sem skólaskylda tekur aftur gildi.
- Engin sjálfskipuð sóttkví í boði fyrir nemendur eftir 4. maí.
- Foreldrar hafa ekki heimild (heimaskóli) til að vera með nemendur heima og engin sérstök þjónusta.
- Raunmætingareinkunn á vitnisburðarblöð: Engin raunmætingareinkunn verði skráð á vitnisburðarblöð eftir þetta skólaár sökum samkomubannsins sem ruglar allar mætingatölur.
- Skólasóknareinkunn á vitnisburðarblöð: Skólasóknareinkunn (D>A) er skráð á vitnisburðarblöð en samkomubannið með takmörkun skólahalds (frá 16. mars til 1. maí) hefur ekki áhrif á hana.
- Engir forgangslistar í gangi lengur og allar séróskir um leyfi/þjónustu úr sögunni.

**15. Nemendaverndarráð:**

- Starfar á eðlilegan máta eins og skólastjóri telur þörf á. Ekki fjarfundir.

**16. Sameiginlegir viðburðir**

- Lokahátíð Stóru upplestrarkeppinnar verði 26. maí í Hafnarborg og streymt. Takmörkuð aðsókn (50) á hátíðina og aðeins 1 frá hverjum nemanda með.
- Litla upplestrarkeppnin. Lokahátíðir Litlu uppeppinnar eru á framkvæmd hvers skóla að ákveða. IE styður við kennara eins og skólar/kennarar óska.
- Eftirfarandi viðburðir falla niður:
  - Barnakóramótið
  - 3. bekkingar Syngja inn sumarið.
  - Íþróttadagur 6. maí.

**17. Skilafundir leikskóla til grunnskóla:**

- Haldist og verði staðfundir.

**18. Skipulagsdagar (til vors):**

- Skipulag kennslu frá 4. maí undirbúið dagana 27. til 30. apríl eins og mögulegt er og í upphafi 4. maí.
- Skólar sem eiga inni skipulagsdaga verða endurskilgreindir í samráði skrifstofunnar við viðkomandi skóla.
- Sameiginlegur skipulagsdagur 29. maí heldur sér.

**19. Skólaheimsóknir leikskólabarna í grunnskóla.**

- Eiga að fara fram núna í maí sem „eðlilegt skólalald“.

**20. Skólasafn:**

- Verður opnað á ný.

**21. Skólaþjónusta:**

- Starfsfólk skólaþjónustu má fara í skóla til að sinna verkefnum sínum.
- Greiningar og nemendaviðtöl: Hefst á ný. Staðbundið.
- Teymi um einstaka nemenda: Hefst á ný – eins og þörf verður á. Staðbundnir.
- Skilafundir: Hefjast á ný – eins og þörf verður á. Staðbundnir.



**22. Sóttvarnahólf og þrif skóla:**

- Sóttvarnahólf leggjast af.
- Þrif verði mikil, þ.e.l rými/stofur þriffin daglega í maí og þrifið út frá notkun í júní.
- Aukið hreinlæti nemenda gagnvart sprittun og handþvotti í stofum og matsal.

**23. Sundkennsla, sundlaugar og rútuferðir:**

- Sundlaugar opna og kennsla í sundlaug eins og hver skóli vill.
- Sundpróf 10. bekk er hægt að taka og ljúka námsmati þar.
- Sundkennslutíma má einnig nota sem íþróttatímar úti (á skólalóð).
- Rútuferðir í sund eins og við á (muna að láta Hópbíla vita með skipulag).
- Suðurbæjarlaug lokuð (innilaug til hausts og útilaug mögulega í miðjan maí). Sundtímar falla þar niður á meðan. Skoðað verði með mögulegar tilfærslur sundtíma viðkomandi skóla í aðrar sundlaugar og þá sérstaklega til að taka sundpróf ef slíkt á við. Sett í hendur skólanna að finna lausnir, þ.e. leita á náðir hvers annars.

**24. Sýningar í Hafnarborg:**

- Opið fyrir skólaheimsóknir frá 4.-15. maí ÞÖGULT VOR, 15. til 30. maí á sýninguna um Hafnarfjörð í Apóteki og á sýninguna EFNI:VIÐUR frá 1. júní.
- Tekið á mótí hópum frá 8.30-15 daglega. Pantað hjá Hafnarborg.

**25. Tómsundamiðstöðvar:**

- Í félagsmiðstöðvum okkar verður ekki sameiginlegir viðburðir í maí en endurskoðað ef tilmæli breytast 1. júní og þá verði hægt að vera með sameiginlega viðburði í júní.

**26. Upplýsingagjöf:**

- Sameiginlegur foreldrapóstur um skólastarfið frá 4. maí. Sendur út bæði á íslensku og ensku.

**27. Upplýsingatæknistofa:**

- Verður opnuð á ný.

**28. Útskriftarferðir 10. bekk:**

- Halda útskriftarferðum en finna leiðir til að útfæra þær á einfaldari hátt.
- Hafa dagsferðir alla vega en ekki í gistingu, þ.e. langa dagsferð.

**29. Útskriftir:**

- 10. bekkur útskrifist með hvern bekk fyrir sig með foreldra eingöngu með sér og sína kennara. Öðrum kennurum ekki boðið á útskriftir bekkja eða öfum/ömmum. Með fyrirvara ef það er 50 manna hámark í samkomubanni.
- Aðrir árgangar séu ekki með útskriftir nema með nemendum.

**30. Valgreinar utan skóla, t.d. í framhaldsskóla, félagsstarfi:**

- Fari í gang á ný eins og frá var horfið.
- Vali Tækniskólans er lokið á þessu skólaári.
- Gaflaraleikhús val hefst á ný (2 skipti sem verða seinni hluta maí).

**31. Vorhátíðir í skólum:**

- Ekki vorhátíðir með foreldrum.
- Vordagar með nemendum í góðu lagi.

**32. Veikindi starfsfólks:**

- Reglur frá því fyrir samkomubann taka gildi á ný.

**33. Verkefni með Samgöngustofu:**

- Falli niður í vor og skoðað með framlengingu verkefnisins til haustannar.

**34. Vorferðir, vettvangs(rútu)ferðir og skólabúðir:**

- Vettvangsferðir, hvort heldur gönguferðir eða rútuferðir, heimilar innan dagsins en ekki með gistingu.
- Rútuferðir leyfilegar (dagsferðir) að vali hvers skóla sem eiga kostnaðinn líka.
- Reykjaferð (7. bk.) mögulega inni (Lækjarskóli) ef sóttvarnalæknir samþykkir að staðurinn verði opnaður en sérstök aðgát starfsmanna á staðnum.
- Tilboð Þyts Siglingaklúbbs til skólanna í vor er val skóla (6. bekkur).

Hafnarfirði 29. apríl 2020.

Skrifstofa mennta- og lýðheilsusviðs Hafnarfjarðar